**Ed.** **454. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 110,819 kr. 85 aurar til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:

Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... ... ... ... ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.

— B. 6. Af þessu fje (til dómgæslu o. fl.) skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 40,084 kr. 71 e.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 11. | Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum ... ... ... ... | kr. | 38,000,00 |
| — 12. | Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík ... ... | — | 1,400,00 |
| | Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 684,71 |
| | | Kr. | 40,084,71 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 54,774 kr. 87 a.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. 3. f. | Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins.. ... | kr. | 1500,00 |
| Við B. I. | 1. c. Viðbót við skrifstofukostnað ... ... ... ... | — | 13,04 |
| — - II. | Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk ²/₃ hlutar kostnaðar ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 449,56 |
| — - III. | Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn ¹/₃ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3,000,00 |
| — - XIII. | Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti ¹/₈ kostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1,000,00 |
| — D. | Til ýmsra endurbóta ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 28,712,27 |
| — E. II. 15. c. | Stjórninni veitist heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin. | | |
| — E. | Til Grímseyjarvita ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 17,100,00 |
| | Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey... ... ... ... | — | 3,000,00 |
| | | Kr. | 54,774,87 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 3,450 kr.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum ... ... ... | kr. | 500,00 |
| Við A. | Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku. ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. | — | 600,00 |
| — B. I. a. | Laun háskólakennara . ... ... ... ... ... ... ... | — | 2,350,00 |
| | | Kr. | 3,450,00 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar ... ... ... ... ... ... ... — 4,000,00

## 8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,000 kr.:

| | | |
|---|---|---|
| Við 8. d. Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 200,00 |
| Nýr liður. Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 800,00 |
| | Kr. | 1,000,00 |

## 9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að kaupa $^1/_2$ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1912,54 frá 1. janúar 1914 að telja.

Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.